



## **Skýrsla stjórnar Skógræktarfélags Selfoss um framkvæmdir í Hellisskógi 2001**

Síðast liðið sumar unnu félagsmenn skógræktarfélagsins tvö kvöld við plöntun, umhirðu og áburðargjöf. Fyrsta kvöldið þann 28. maí mætu fjórtán félagar og unnu við plöntun í rúma tvo tíma, þetta kvöld var plantað 600. birki úr bökkum í svæðið við Biskupstungnabraut, þá var einnig borið á þessar plöntur. Seinna kvöldið mættu einnig fjórtán félagsmenn þá var plantað 400. birkiplöntum, Hreinn Óskarsson var fenginn til að mæta þetta kvöld til að leiðbeinda félagsmönnum um áburðargjöf og umhirðu. Þá var þetta kvöld einnig reytt frá plöntum og borin tilbúinn áburður.

Þá er mjög athygisvert að sjá hve birki sem plantað var í plægða reitinn norðan Gámastöðvar hefur komið áberandi betur út í vexti en það sem plantað hefur verið í óunna jörð, þetta hlýtur að kalla á það að við látum vinna fyrir okkur það land sem við munum til framtíðar ætla að taka til útplöntunar.

Athyglisvert er að sjá hve mikill munur er á þeim plöntum sem borið er á um leið og þeim er plantað, og þeim sem ekki hafa fengið áburð fyrr en árið eftir eða síðar, því virðist það vera mjög æskilegt ef hægt er að gefa plöntum áburð um leið og plantað er enda sýnir reynslan okkur að slíkt gefur betri raun.

Sú nýbreytin var gerð eftir síðasta plöntukvöldið að boðið var upp á skógarkaffi í Hellinum, er það vel við hæfi að við förum að nýta okkur þann möguleika sem hellirinn býður upp á. Til gamans má geta þess að félagið hefur nú fjárfest í sérstökum skógarkatli til þessa brúks.

Eins og undanfarin ár hefur Guðnabakarí boðið meðlæti og Mjólkurbú Flóamanna boðið upp á svaladrykki að lokinni plöntun. Þessum fyrirtækjum eru færðar bestu þakkir fyrir veittan stuðning.

Þar sem ekki hafðist að fá unglinga úr vinnuskóla bæjarins til vinnu í Hellisskógi tóku nokkrir stjórnar- og félagsmenn sig til og voru við skógarstörf fjögur kvöld til viðbótar hefðbundnum plöntunarkvöldum, þessi kvöld var reytt frá og borið á plöntur sem búið var að planta við Biskupstungnabraut. Þá var einng borið á og reytt frá greni norðan við Hellirinn.

Töluverður tími hefur farið í vinnu við deiliskipulag Hellisskógar, en ákveðið var á sl. ári að láta vinna að deiliskipulagi skógræktarsvæðisins, sú vinna hefur verið unnin í Landformi af þeim félögum Oddi og Hermanni, eru þeim hér færðar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Það er því vel við hæfi nú á 50 ára afmælisári félagsins að ljúka þessari vinnu og þykir okkur séstaklega ánægjulegt að geta fært okkur og samfélaginu deiliskipulag af Hellsiskógi að gjöf á þessum merku tímamótum.

Töluvert hefur verið um það að hin ýmsu félagasamtök hér á Selfossi hafa verið að planta í sérstaka reiti, hin síðustu ár hafa félagsmenn í Rotaryklúbbi Selfoss gefið plöntur, áburð og séð um útplöntun sjálfir, í fyrra plöntuðu þeir 50 birki við Hellirinn, eru þeim og öðrum

félagasamtökum er verið hafa að planta út í okkar svæði færðar bestu þakkir fyrir gott frumkvæði og þarft framtak.

Gjaldkeri félagsins Úlfur Óskarsson lét af störfum á árinu og við þeim störfum tók Örn Óskarsson. Að endingu vil ég færa þeim er hafa unnið að málefnum félagsins bestu þakkir fyrir þeirra þátt.

Fyrir hönd stjórnar,  
Ingileif Auðunsdóttir,  
formaður.